

REGLUGERÐ

um (7.) breytingu á reglugerð nr. 760/2021, um styrki vegna hjálpartækja.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á fylgiskjalinu „Hjálpartæki Sjúkratrygginga Íslands“ með reglugerðinni:

Við kaflann um *Skilgreiningar og skýringar* bætist:

Greiðsluþáttaka Sjúkratrygginga í hjálpartækjum sem eru nauðsynleg til leiks og tómsunda barna og/eða skipulagðra íþróttæfinga barna er 95% í einu tæki á þriggja ára fresti, ef fyrra tæki sem fengið var með greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga nýtist ekki lengur. Veita má greiðsluþáttöku oftar ef nauðsynlegt er að teknu tilliti til vaxtar og þroska barnsins.

Greiðsluþáttaka Sjúkratrygginga í hjálpartækjum sem eru nauðsynleg til frístunda og afþreyingar fullorðinna er 80% í einu tæki á fimm ára fresti, ef fyrra tæki sem fengið var með greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga nýtist ekki lengur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 12. júlí 2024.

Willum Þór Þórsson.

Ásta Valdimarsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 2. ágúst 2024